

Skólaráðsfundur 18. desember 2024

Mættir: Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og ritari fundar, Erna Ýr Styrkársdóttir námsráðgjafi, Lilja Hrönn Einarsdóttir forstöðumaður í Skólaseli, Lilja Ruth Beck kennari, Árni Brynjólfsson fulltrúi foreldrafélags, Jónína Axelsdóttir fulltrúi foreldra frá leikskóla, Ingólfur Finnbogason fulltrúi foreldra, Ragnhildur Lára Ragnarsdóttir og Róbert Blær Bjarnason fulltrúar nemenda.

Bára stýrði fundinum og hóf fundinn á að bjóða alla velkomna. Sumarlokun næsta sumar í leikskóla og í frístund var fyrsti dagskrárliður og tillagan sem var lögð fram var að lokað yrði frá 9. júlí – 6. ágúst. Tillagan var samþykkt.

Janúar lestarsprettur bókasafnsins verður frá 6. - 20. janúar og þemað að þessu sinni verður uppáhalds barnabókin mín. Nemendur og starfsmenn munu skrá á sérstakt form nafn og upplýsingar um uppáhaldsbarnabókina sína og verður þeim safnað saman í sérútbúna bókahillu á sal skólans. Í lestrarsprettinum verða taldar lesnar mínútur og inni í bekkjum verður föndruðum bókakjölum safnað í bókahillur.

Næst var rætt um bílastæði skólans. Í mesta skammdeginu er lang best fyrir alla að keyra hringtorgið og hleypa nemendum þar út. Foreldri frá leikskóla kom með ábendingu um að það er mjög bagalegt að geta ekki lagt í nágrenni leikskólans þegar komið er með börn í leikskólann. Einhverjir af leikskóla starfsmönnum leggja nú þegar úti í Streng og við munum árétta það við fólkið okkar að nýta þau bílastæði. Foreldri í hópnum sagði frá því að í íbúakosningum hafi íbúar hverfisins lagt inn tillögu um að bílastæðum yrði fjölgað í Árkvörn til móts við leikskólann. Bára hvetur foreldra ef þau geta að beita sér gagnvart þessu máli til borgarinnar um að fá aukinn fjölda af bílastæðum í nágrenni skólans.

Við ætlum að vinna að því á nýju ári að gera skólareglur skólans sýnilegri, farið var yfir þær í upphafi skólaárs og það verður skerpt á þeim á samveru á nýju ári. Þær verða einnig settar í ramma og hafðar sýnilegri á göngum fyrir nemendur, kennara og foreldra.

Niðurstöður Skólapúls voru næst ræddar, könnunin er lögð fyrir nemendur í 6. og 7. bekk. Almennt kemur könnunin vel út en við höfðum áhyggjur af niðurstöðum vegna eineltis. Í nóvember lögðum við í skólanum svo fyrir nemendakönnun í 6. og 7. bekk til að kanna líðan enn frekar. Þar kemur fram að almenn ánægja er með matinn og börnunum líður vel á matsal. Mjög jákvætt að öll börnin hafa einhvern til að leika við í frímínútum. Það eru tveir sem segjast upplifað einelti, það á sér stað á netinu og í frímínútum. Í framhaldinu var sett upp aðgerðaráætlun af námsráðgjafa sem tók einstaklingsviðtöl við alla nemendur í 6. og 7. bekk, meiri hluta nemenda líður vel, vinnufriður í kennslustundum er meiri en í fyrra, þó séu alltaf einhver sem trufli. Nemendur greina frá baktali í stelpuhópum. Börnin eru mjög dugleg að tala í þessum viðtölum. Einn nemandi sagðist vera lagður í einelti og var það rætt og haft samband við heimili bæði geranda og þolanda um lausn á vandanum. Áfram verður fylgst með. Báðir hópar eru ánægðir með kennarana sína, nemendur segjast vera vinir og eru að hittast utan skóla. Hörður kennari er með teningasögur í 7. bekk sem fer inn á samskipti nemenda. Ernu fannst jákvæðari andi í 7. bekk miða við í fyrra.

Heimasíður eru að komast aftur í notkun í nýrri mynd. Síðurnar eru byggðar upp eins og Reykjavíkursíðurnar, þ.e. upplýsingasíður. Það eru þrjár heimasíður hjá okkur, leikskóli, grunnskóli og frístund. Fundargerðir frá fundum skólaráðs verða inni á grunnskólasíðunni. Heimasíða grunnskólans mun stækka og dafna með tímanum en leikskóla og frístund verða áfram lendingasíður.

Önnur mál

Fyrirspurn um tímalengt hádegismatar, þar sem það sé 15 mínútur og það sé of stutt til að matast. Búið er að ræða við alla kennara og starfsmenn um að ef barn er að borða fær það að sitja lengur. Lilja segir frá ófriði á matsal sem skapast ef þau hafa lengri tíma. Ítreka fyrir nemendum að þau geta setið lengur að borða ef þau eru ekki búin, spjalla við félagi og borða í senn. Bára ítrekar það eftir áramót við alla starfsmenn að börnin mega gefa sér tíma til að borða.

Önnur fyrirspurn var um sundkennslu og hvernig eigi að bæta börnum upp sund og íþróttir þegar tíma falla niður. Kennarar í skólanum ganga í forföll í íþróttakennslunni en geta ekki kennt sund því þeir hafa ekki til þess réttindi.

Ábending frá leikskólaforeldum um að útskýra betur fyrir foreldrum að lokanir vegna manneklu rúlli á milli deilda. Óskir um að allir fái póst um að ákveðin hópur fari

heim. Foreldri benti á að hafa mætti í huga að láta yngra systkini fara heim með eldra þegar frístund getur ekki tekið á móti öllum árgöngum vegna manneklu.

Ritari

Hanna Sóley Helgadóttir